

1920 nr. 8 18. maí**Lög um heimild handa ríkisstjórninni til að banna flutning til landsins á varningi, sem stjórnin telur stafa sýkingarhættu af**

Tóku gildi 9. júlí 1920. Breytt með: L. 116/1990 (tóku gildi 31. des. 1990). L. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008).

■ 1. gr.

□ Ríkisstjórninni heimilast að banna flutning til landsins á brúkuðum fatnaði, líni og sængurfatnaði, dulum, brúkuðu vatti, hnökraull, pappírsafklippum, hári, húðum og öðrum þeim varningi, er stjórnin telur stafa sýkingarhættu af.

■ 2. gr.

□ [Brot gegn ákvæðum laga þessara og fyrirmælum settum samkvæmt þeim varða sektum . . . ¹⁾]²⁾

¹⁾ L. 88/2008, 233. gr. ²⁾ L. 116/1990, 9. gr.